

Alþingi
Erindi nr. P 135/1952
komudagur 1.4.2008



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði 432. mál.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um ofangreint frumvarp.

Það er mikið hagsmunamál fyrir íslenskan iðnað að stuðla að lægra verði raforku og auka samkeppni á raforkumarkaði. Íslenskur raforkumarkaður er smár og lokaður fyrir beinum aðgangi erlendra framleiðenda og raforka verður ekki seld úr landi með beinum hætti. Vegna þessa er vandasmara að skapa umhverfi sem hvetur til virkrar samkeppni og stuðlar að eðlilegri verðmyndun. Benda má á nokkur atriði sem telja má að geti stuðlað að aukinni samkeppni á raforkumarkaði og lægra verði. Eitt þeirra er aðskilnaður sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi, sem boðaður er í þessu frumvarpi. SI fagna því að hér sé stigið skref í þá átt að aðskilja þessa rekstrarþætti líkt unnið er að á meginlandi Evrópu. Slíkur aðskilnaður mun auka gegnsæi á markaðnum og opna nýja möguleika til aukinnar samkeppni.

Samtökin sjá ekki nauðsyn þess að takmarka eignarhald og framsal á orkuauðlindum og vatnsréttindum né að setja takmörk á eignarhlut einkaaðila í dreifiveitum. Vænta má að aukin þátttaka einka- og hlutafélaga í orkuframleiðslu stuðli að aukinni samkeppni og nýti kraft nýsköpunar og þróunar sem þar býr. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að ákvæði um takmörkun á eignarhaldi og framsali auðlinda hafi neikvæð áhrif á efnahagslegt virði auðlindanna og hagkvæmni í nýtingu þeirra. Með umræddum ákvæðum er verið festa í sessi umfangsmikla aðkomu opinberra aðila að raforkumarkaði. Það samrýmist ekki þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þátttöku opinberra aðila að atvinnulífinu þar sem afl einkageirans hefur verið nýtt í þágu uppbyggingar atvinnulífsins. Með góðri lagasetningu, ramma um starfsemina og trúverðugu eftirliti er ekkert því til fyrirstöðu að einkaaðilar geti átt og rekið slík fyrirtæki.

Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt að vandað verði til vinnu sem skilgreind er í bráðabirgðarákvæði III. Sú vinna og önnur útfærsla lagaákvæðanna er grundvöllur að velgengni þessara laga.

Bryndís Skúladóttir
forstöðumaður umhverfismála